

Matsblað vegna umsóknar um Aflamark Byggðastofnunar

Staður: Suðureyri

Umsækjendur: Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., Norðureyri ehf., Flugalda ehf., EA-30 ehf., Hraðfrystihúsið Gunnvör ehf., og Arnarlax ehf.

Umsótt magn og mótframlag: Sótt er um 500 þorskígildistonn. Mótframlag 1760 þorskígildistonn en gert er ráð fyrir 2.500 tonna vinnslu á hvítfiski. Þá bætist vinnsla á laxi við starfsemina.

Trúverðug áform um útgerð, vinnslu sjávarafurða og aðra starfsemi

Um núverandi samstarfsaðila er að ræða en við bætast eldisfyrirtækið Arnarlax ehf. Gert er ráð fyrir umbreytingu á Fiskvinnslu Íslandssögu þar sem að dregið verði úr áherslu á hvítfiskvinnslu en í staðinn komi vinnsla á laxfiski. Þá eru breytingar fyrirhugaðar í útgerðarþættinum með sameiningu útgerðarfyrirtækja og fjárfesta í framhaldinu í einum línubát með beitingavél sem sér um veiðar fyrir vinnsluna auk togarafisks í gegnum Hraðfrystihúsið Gunnvöru ehf.

Fjöldi heilsársstarfa fyrir karla og konur sem skapast eða verður viðhaldið

Með breytingu á útgerðarþættinum er gert ráð fyrir að starfsmönnum á sjó fækki úr 20 í 16. Þá er gert ráð fækkun í hvítfiskvinnslu úr 40 í 28 manns en að þeirri fækkun verði mætt með vinnslu laxfisks. Gert er ráð fyrir að á þriðja og fjórða ári samningsins verði fjöldi starfa orðinn meiri en í núverandi vinnslu. Í umsókninni er gert ráð fyrir að afleiddum störfum muni fjölga vegna laxavinnslunnar.

Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðalaginu

Í upphafi fiskveiðiársins voru 1732 þorskígildistonn skráð á Suðureyri. Ríflega 98% þeirra heimilda eru á bátum umsækjenda.

Öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina

Minni fyrirtæki í hefðbundinni vinnslu í hvítfiski eiga undir högg að sækja. Með því að breyta módeli fyrirtækisins yfir í blöndu af vinnslu hvítfisks og laxfisks verða komnar tvær stoðir undir fyrirtækið sem að ættu að styrkja það til lengri tíma litið.

Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag

Gert er ráð fyrir að tæknistig vinnslunnar aukist með aukinni laxavinnslu sem leiðir af sér að sérhæfðara fólk þarf til eftirlits og viðhalds á tækjum. Gangi áætlanir umsækjenda eftir má gera ráð fyrir að fyrsta kastið verði megnið af núverandi störfum í vinnslunni varin og eftir því sem að umsvif í laxeldi aukast má búast við fjölgun starfsfólks.

Traustri rekstrarsögu umsækjenda

Fiskvinnslan Íslandssaga hefur rekið vinnslu á Suðureyri frá síðustu aldamótum. Lánshæfismat fyrirtækjanna í umsókninni er á bilinu 1-7 að mat Creditinfo á skala þar sem 1 í einkunn er best. Erfiðleikar hafa verið að undanfögnu í rekstri minni fiskvinnslufyrirtækja en með fleiri stoðum undir reksturinn ætti rekstrarhæfni að aukast.